

ÁÆTLUN UM SJÁLFSMAT
BORGARHOLTSSKÓLA

2006 – 2009

SJÁLFSMAT Í BORGARHOLTSSKÓLA 2006 – 2009

ENDURSKOÐUÐ VERKÁÆTLUN

Sjálfsmat

Verkáætlun þessi um sjálfsmat í Borgarholtsskóla er gerð samkvæmt fyrirmælum laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og er áætlunin framhald sjálfsmats frá 2003 - 2006. Áætlunin nær til þriggja ára frá upphafi haustannar 2006 til loka ársins 2009. Verkpættir sjálfsmatsins eru í þrepum og eru altækir.

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og við aðila utan skólans sem honum tengjast. Niðurstöður matsins verða jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskiptum og samstarfi starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

Matslíkan

Sjálfsmat Borgarholtsskóla styðst við endurskoðað matslíkanið *Framhaldsskólarýni* frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Starfsmenn skólans hafa í lok fyrra matstímabils endurskoðað og uppfært spurningalista og framsetningu í ljósi fenginnar reynslu. Matsspurningar líkansins eru grunnur að upplýsingasöfnun um innri sem ytri þætti sem varða skólastarfið. Tilmæli líkansins um einkunnagjöf fyrir matsþætti munu verða til leiðsagnar um umbætur. Söfnun, skráning og úrvinnsla gagna er tölvuunnin í forriti matslíkansins. Öllum könnunum er svarað rafrænt á heimasíðu STEFNU ehf. Sjálfsmatskýrsla Borgarholtsskóla byggist á niðurstöðum úr tölvuvinnslu forritsins.

Þátttakendur

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir. Starfandi eru verkefnahópar sem sjá um framkvæmd einstakra þátta matsin, s.s. einkunnagjöf og efni í skýrslu og gera tillögur um umbótaáætlanir.

Áætlun um framvindu sjálfsmats Borgarholtsskóla 2006 - 2009

Október - desember 2006

Skýrslu um sjálfsmat 2005 – 2006 lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Starfshópur heldur áfram endurskoðun spurningalista samkvæmt niðurstöðum úr endurskoðunarvinnu starfsmanna á vordögum 2006.

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans eða kynntar viðkomandi aðilum. Skólanámskráin tengd við efnisþætti sem verða til umfjöllunar í umræðu um sjálfsmat skólans.

Starfsþróunarviðtöl milli stjórnenda og starfsmanna skólans þar sem farið er yfir stöðu viðkomandi starfsmanns varðandi starfsþróun, áskorun í starfi, samstarf, sóknarfæri, menntunarþörf og möguleika á símenntun.

Janúar - febrúar 2007

Kannanir gerðar meðal starfsmanna um viðhorf til vinnustaðarins og líðanar í starfi. Könnun á árangri starfsþróunarsamtala. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Mars - júní 2007

Unnið að verkáætlun sjálfsmats fyrir næsta skólaár. Starfsmenn skólans svara spurningum í Skólarýni sem varða starfssvið hvers og eins og verða heildarniðurstöður fengnar úr samanlagðri svörum þeirra.

Á starfsdegi vorannar er gerð SVÓT-greining um viðfangsefni sem krefst úrlausnar á þeim tíma. Starfshópur vinnur úr niðurstöðum.

Ágúst - september 2007

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Kynning á nýrri sjálfsmatsáætlun í skólanum. Starfshópar endurnýjaðir og þeir undirbúnir undir fyrirhuguð matsverkefni.

Október 2007 - apríl 2008

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda og önnur öflun upplýsinga samkvæmt matsáætlun tímabilsins þ.m.t. starfsþróunarsamtöl og kannanir meðal starfsmanna. Niðurstöður matsverkefna kynntar. Úrvinnsla gagna og undirbúningur frekari matsvinnu. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Apríl - júní 2008

Starfsmenn skólans svara spurningum í Skólarýni. Kennarar skólans gera SVÓT-greiningu á starfsdegi. Viðkomandi starfshópur vinnur úr niðurstöðum.

Ágúst - október 2008

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Kynning á nýrri sjálfsmatsáætlun í skólanum. Starfshópar endurnýjaðir og þeir undirbúnir undir fyrirhuguð matsverkefni.

Nóvember 2008 - apríl 2009

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda og önnur öflun upplýsinga samkvæmt matsáætlun tímabilsins þ.m.t. starfsþróunarsamtöl og kannanir meðal starfsmanna. Niðurstöður matsverkefna kynntar. Úrvinnsla gagna og undirbúningur frekari matsvinnu. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Apríl - júní 2009

Starfsmenn skólans svara spurningum í Skólarýni. Kennarar skólans gera SVÓT-greiningu á starfsdegi. Viðkomandi starfshópur vinnur úr niðurstöðum.

Ágúst - október 2009

Skýrslu um sjálfsmat lokið og ábendingar um umbætur lagðar fram. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Kynning á nýrri sjálfsmatsáætlun í skólanum. Starfshópar endurnýjaðir og þeir undirbúnir undir fyrirhuguð matsverkefni.

Október - desember 2009

Viðhorfs- og áfangakannanir gerðar meðal nemenda. Niðurstöður birtar opinberlega á heimasíðu skólans eða kynntar viðkomandi aðilum. Skólanámskráin tengd við efnisþætti sem verða til umfjöllunar í umræðu um sjálfsmat skólans.

Starfsþróunarviðtöl milli stjórnenda og starfsmanna skólans þar sem farið er yfir stöðu viðkomandi starfsmanns varðandi starfsþróun, áskorun í starfi, samstarf, sóknarfæri, menntunarbörf og möguleika á símenntun.

Skýrsla um sjálfsmat

Skýrslur um sjálfsmat Borgarholtsskóla áráanna 2003 – 2006 liggja frammi og hefur þeim verið skilað samkvæmt áætlun hvert ár. Allar kannanir og önnur starfsemi samkvæmt áætlun öll árin hefur staðist. Gögn um umbótavinnu s.s. stefnuskrá skólans ásamt skipuriti, starfsáætlanir brauta, starfsmannastefnu, jafnréttistefnu og umhverfisstefnu liggja frammi. Þessi viðfangsefni eru öll virk ýmist að öllu leyti eða eftir eðli sínu. Allt ofantalið er m.a. aðgengilegt á innra neti skólans.

Stefnumið

Í inngangi að ársskýrslu um innra mat fyrir árið 2005 – 2006 segir eftirfarandi:

„Þegar litið er yfir heildarniðurstöður í þessari skýrslu og túlkunar þeirra er þörfin fyrir upplýsingar hvað mest áberandi. Þannig má álykta að einn veigamesti þáttur skólastarfsins á næsta tímabils ætti að lúta að því að upplýsa viðkomandi – starfsmenn, nemendur, foreldra og aðra sem tengjast skólastarfinu – um þau málefni sem þá varðar. Orðið upplýsing hefur hér víða merkingu; m.a. kannanir, úrvinnsla, greining markhópa og miðlun í máli, myndum og texta með fjölbreyttum hætti.“

Samkvæmt þessari vísbendingu má ætla að áhersla verði lögð á allt sem lýtur að upplýsingamiðlun og árangursríku samstarfi allra sem tengjast skólastarfinu á næsta tímabili.

Borgarholtsskóli, desember 2006

Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007 1. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
DESEMBER	Lokið við matsáætlun 2006 - 2009	
JANÚAR	Viðhorfskönnun vegna starfsþróunarsamtala	
FEBRÚAR	Starfsmannakönnun	
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Skólarýnir	Starfsmenn svara hluta könnunar
MAÍ	SVÓT-greining	„Viðfangsefni líðandi stundar“
JÚNÍ	Gögn flokkuð vegna skýrslu	

Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2007 – 2008 2. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Gögn flokkuð Skýrslugerð síðasta árs	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
DESEMBER		
JANÚAR	Starfsmannakönnun	
FEBRÚAR		
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Skólarýnir	Starfsmenn svara hluta könnunar
MAÍ	SVÓT-greining	„Viðfangsefni líðandi stundar“
JÚNÍ	Gögn flokkuð vegna skýrslu	

Áætlun um sjálfsmat skólaárið 2008 – 2009 3. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Gögn flokkuð Skýrslugerð	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Starfsþróunarsamtöl	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
DESEMBER		
JANÚAR	Starfsmannakönnun	
FEBRÚAR		
MARS	Áfangakönnun, úrtak námshópa	Allir áfangar eru skoðaðir á matstímabilinu
APRÍL	Skólarýnir	Starfsmenn svara hluta könnunar
MAÍ	SVÓT-greining	„Viðfangsefni líðandi stundar“
JÚNÍ	Gögn flokkuð vegna skýrslu	

Áætlun um sjálfsmat haustið 2009 4. ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
ÁGÚST	Gögn flokkuð Skýrslugerð	
SEPTEMBER	Skýrslugerð síðasta árs	
OKTÓBER	Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	
NÓVEMBER	Áfangakönnun, úrtak námshópa Starfsþróunarsamtöl	
DESEMBER	Lokið við matsáætlun fyrir næsta tímabil	